

**B.t. Sjávarútvegsnefndar**

## UMSÖGN

### **Erindi: Breyting ýmissa laga, um umgengni nytjastofna, þ.á.m. 215. mál, refsíákvæði o.fl.**

Með jákvæðu svari, Félags kvótabátaeigenda, við ofangreindu erindi, vakna upp óhjákvæmilegar hugrenningar og spurningar, sem oftsinnis hefur orlað á, í árunna rás. Ber þar fyrst að geta, hvernig löggjafarvaldinu hefur hugnast að setja slík lög, sem erindi þetta fjallar um. Það þarf djarft og einbeitt hugarfar, til að setja gjörvalla sjómannastéttina, eina stétta, út fyrir sviga, sem annarsflokks þjóðfélagsþegna og margfalda upp með refsistuðli, sem á sér enga hliðstæðu í lögbókum landsins og þverbrýtur ákvæði jafnræðisreglunnar. Á grundvelli þessara laga, hefur Fiskistofa tekið sér óskorðað alræðisvald, framkvæmdar- og dómsvald, sem fáheyrnt er í heimssögunni, allt frá einveldis tímanum og brýtur í bága við margrómaða, svokallaða, “skiptingu valdsins”. Trauðla getum við staðnæmst hér, í framhaldi af ofangreindu, nema að tjá okkur um lög nr. 24, 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og umsagnar Umboðsmanns alþingis, þann 12. apríl, 2001, nr. 3204, þar sem Umboðsmaður kemst að þeirri afdráttarlausu niðurstöðu að framangreind greiðslumiðlunar lög, séu skýlaust brot á mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Í auðmýkt og umburðarlyndi hvarflar hugurinn aftur, leitandi að sjónarhóli hreinnar skynsemi í ásköpuðum lagaflækjum löggjafans. Sú leit reynist steinum lögð, ef tekið er mark á virðingu og umgengni okkar, hvað varðar stjórnarskrána og Umboðsmann “hins háa alþingis”, svo sem þið gjarnan kjósið að nefna það.

**Með vegsemd og virðingu,  
F.h. Félags kvótabátaeigenda**

Hermann Björn Haraldsson, form.  
Sign.